

Goðsögnin um peninga afhjúpuð¹

1. Skipreka



Sprenging hafði tætt í sundur skip þeirra. Hver og einn hélt dauðahaldi í hvern þann bít úr brakinu sem flaut um hafflötinn. Þegar allt var yfirstaðið voru fimm eftir, fimm húkandi á fleka sem öldurnar báru eftir duttlungum sínum. Önnur fórnarlömb harmleiksins voru hvergi sjáanleg.

Í marga klukku tíma skimuðu augu þeirra sjóndeildarhringinn. Myndu einhver nálæg skip koma auga á þá? Myndi flekaræfillinn þeirra skila þeim á vinsamlega strönd?

Skyndilega var hrópað hástöfum: "Land! Sjáið! Þarna, í áttina sem öldurnar eru að bera okkur!"

Eftir því sem óljósar útlínurnar skýrðust og í ljós koma að í raun var um eyju að ræða brutust út mikil fagnaðarlæti á flekanum.

Þeir voru fimm. Frank er smiður, stór og kraftmikill. Hann var sá fyrsti sem hrópað hafði "Land!"

Síðan var Páll, bóndi. Þú getur séð hann á myndinni, fremstur til vinstri, á hnjánnum með aðra höndina hvílandi á flekagólfinu og haldandi hinni utan um flekastöngina.

Næstur er Jim, húsdýraræktandi, hann er sá sem er í röndóttu buxunum og horfir í átt til landsins.

Síðan kemur Harry, búfræðingur, eilítið þybbinn, og situr á kofforti sem bjargaðist úr flakinu.

Loks er Tómas, jarðfræðingur, hann er glaði náunginn sem stendur aftast á myndinni og styður höndina sína öxlinni á smiðunum.

2. Bjargráðareyja

Fyrir mennina fimm að stíga á land var líkt og að rísa upp frá dauðum. Þegar þeir höfðu þornað og hlýjað sér, var fyrsta hvöt þeirra að rannsaka eyjuna. Stutt skoðun nægði til þess að blása þeim bjartsýni í brjóst. Vissulega voru þeir eina fólkið á eyjunni, þessa stundina. En af öllum hálf tömdu dýrunum á eyjunni að dæma þá var bar allt með sér að einhverjir að hefðu búið á eyjunni á undan þeim. Jim, húsdýraræktandinn, var viss um að hann gæti tamið dýrin og nýtt þau til þjónustu.



¹ Höfundur Louis Even. Upplýsingar á www.michaeljournal.org. Þýðing Egill Helgi Lárusson

Páll sá að jarðvegurinn á eyjunni var, að mestu leyti, vel hæfur til ræktunar. Harry fann nokkur ávaxtatré sem með nægjanlegri umhyggju myndi gefa góðan ávöxt. Mikilvægast var að mikið var af mismunandi timburefni á eyjunni. Frank gæti án mikillar fyrirhafnar byggt hús fyrir þetta litla samfélag.

Tómas, jarðfræðingurinn, skoðaði jarðmyndun og fékk þá niðurstöðu að mikið væri um steinefni. Þrátt fyrir skort á verkfærum var hann sannfærður um að með hugviti sínu gæti hann búið framleitt málma úr málmgrýtinu.

Þannig gat hver og einn þjónað sameiginlegum hagsmunum með hæfileikum sínum. Allir sammæltust um að kalla eyjuna Bjargráðareyju. Allir þökkðu forsjánni fyrir nokkuð hamingjusaman endi á því sem auðveldlega hefði geta orðið mikil harmsaga.

3. Raunverulegur auður.



Hér sjást mennirnir að verki. Smiðurinn byggir hús og húsgögn. Til að byrja með ná þeir sér í mat þar sem hann er að finna. En fljótlega er búið að plægja akra og sá, og bóndinn fær uppskeru sína. Eftir því sem árstíðirnar liðu varð eyjan, þessi arfleidd manna, ríkari og ríkari. Auður hennar var ekki í formi gulls eða pappírseðla, heldur í formi raunverulegs auðs: matar og klæða, húsaskjólts og þess sem mætir þörfum fólks.

Hver og einn vann við sitt fag. Það sem hver framleiddi umfram eigin notkun var notað til þess að skiptast á því sem aðrir áttu umfram af sinni framleiðslu.

Lífið var ekki alltaf auðvelt og fullkomið eins og þeir hefðu óskað sér. Þeim vantaði margt af því sem þeir höfðu vanist áður en þeir fóru í sjóferðina örlagaríku. En þeir gætu líka haft það mun verra. Auk þess höfðu þeir allir upplifað kreppuna á Íslandi. Þeir mundi ennþá eftir hungurdu fólki fyrir utan búðir fullar af mat. Á Bjargráðareyju þurftu þeir alla vega ekki að horfa á hluti sem þá vantaði rotna fyrir framan þá. Skattar voru óþekktir hér. Þeir þurftu ekki heldur ekki að lifa í ótta um eignaupptöku sýslumanna. Þeir unnu mikið en gátu þó notið afrakstur erfðisins. Þeir ræktuðu því eyjuna, þökkðu guði og vonuðust eftir að sá dagur rynni upp að þeir gætu sameinast fjölskyldum sínum, ennþá á lífi og við góða heilsu.

4. Alvarleg óþægindi

Mennirnir hittust oft til þess að ræða sín mál. Í þessu einfalda hagkerfi sem hafði þróast, var eitt atriði sem farið var að valda þeim meiri og meiri vandræðum. Þeir höfðu ekkert form af peningum. Vöruskipti, bein skipti á vörum milli manna, hafði sína galla. Vörurnar sem átti að skipta voru ekki alltaf til staðar þegar viðskipti voru rædd. Timbur sem var t.d. afhent bóndanum um vetur var ekki hægt að



borga með kartöflum fyrr en sex mánuðum síðar.

Stundum átti einn maður hlut sem var mjög stór en vildi skipta honum fyrir marga minni hluti, frá mismunandi aðilum á misunandi tíma.

Allt þetta flækti viðskipti og setti mikla byrði á minni manna. Með peningakerfi, hins vegar, gæti hver og einn selt framleiðslu sína fyrir peninga. Með þessum peningum gætu þeir keypt af öðrum það sem þá vantaði, þegar þeir vildu og þegar það var til.

Allir voru sammála um að peningakerfi myndi vera mjög hagkvæmt. En enginn þeirra kunni að koma á slíku kerfi. Þeir kunnu að búa til raunverulegan auð, vörur. En framleiðsla á peningum, táknið fyrir raunverulegan auð, var eitthvað ofar þeirra skilningi. Þeir voru fáfróðir um uppruna peninga og sökum þess, þá vissu þeir ekki hvernig ætti að framleiða þá. Vissulega hafði fleira menntað fólk verið í sömu sporum. Allar ríkisstjórnir voru í þessari klemmu í tíu ár fyrir seinni heimsstyrjöldina. Allt sem vantaði þá voru peningar, og ríkisstjórnir vissu greinilega ekki hvernig átti að fá þá.

5. Koma flóttamanns



Kvöld eitt, þegar mennirnir sátu á ströndinni og ræddu vandræði sín í hundraðasta skipti, sáu þeir skyndilega lítinn bát, með einum manni innbyrðis, nálgast ströndina. Hann hét Óliver og hafði bjargast úr skipsbroti.

Ánægðir með að fá nýjan félagsskap, veittu mennirnir honum allt það besta sem þeir áttu og fóru með hann í skoðunarferð um eyjuna.

"Jafnvel þó við séum týndir og einangraðir frá heiminum", sögðu þeir, "þá höfum við ekki yfir miklu að kvarta. Jörðin og skógurinn eru okkur

góð. Okkur skortir aðeins eitt – peninga. Þeir myndu einfalda okkur að skiptast á framleiðslunni okkar."

"Þið getið þakkað forsjánni", svaraði Óliver, "því ég er bankamaður, og á skotstundu get ég komið á peningakerfi sem ég ábyrgist að muni þjóna ykkur. Þá munu þið hafa allt það sem fólk í siðmenntuðu samfélagi hefur."

Bankamaður!...**BANKAMAÐUR!**... Engill af himnum hefði ekki getað blásið í brjóst okkar manna meiri lotningu og virðingu. Því erum við, þrátt fyrir allt, ekki vön því, sem siðmenntað fólk, að krjúpa á kné fyrir framan bankamenn, þessa menn sem stjórna lífæðinni, sem fjármál eru.

6. Guð siðmenningar

"Herra Óliver, sem bankamaður okkar, mun þitt eina starf vera að sjá um peningana okkar. Engin erfiðisvinna."

"Ég mun, líkt og hver annar bankamaður, sinna mínu verkefni að fullnustu við að móta velferð samfélagsins."

"Herra Óliver, við ætlum að byggja þér hús sem hæfir virðingu þinni sem bankamaður. En þangað til væri þér sama þótt þú gistir í byggingunni sem við notum til fundarhalda?"

"Það mun henta mér kærú vinir. En fyrst af öllu



þarf að afferma bátinn. Þar er pappír og prentvél, ásamt bleki og stafasetti. Þar er einnig tunna sem ég hvet ykkur að handleika varlega."

Þeir affermdu bátinn. Litla tunnan vakti mikla forvitni góðkunningja okkar. "Þessi tunna," tilkynnti Óliver, "inniheldur fjársjóð sem er draumi líkastur. Hún er full af...gulli!"

Full af gulli! Það var næstum liðið yfir fimmmeningana. Guð siðmenningar hér kominn á Bjargráðaeysju! Hinn gulleiti guð, alltaf hulinn, en þó ógurlegur í valdi sínu, hvers fjarvera eða nærvera eða minnstu duttlungar gætu ákvarðað örlög allra siðmenntaðra þjóða!

"Gull! Herra Óliver, þú ert með sannri stórkostlegur bankamaður!"

"Ó tignarlega hátign! Ó heiðvirði Óliver! Mikli æðstiprestur guðsins, gulls! Meðtaktu okkar auðmjúku hollustu, og tryggðareid!"

"Já, kæru vinir, gull sem nægir heilli heimsálfu. En gullinu ætlum við ekki að dreifa. Gullið verður að fela. Gull er sál heilbrigðs gjaldmiðils og sálin er alltaf ósýnileg. En ég útskýri þetta allt þegar þið fáið fyrstu birgðirnar af peningum."

7. Leynileg greftrun



Áður en leiðir þeirra skyldu um kvöldið, spurði Óliver þá einnar spurningar að lokum.

"Hversu mikla peninga þurfið þið til að byrja með til þess að auðvelda viðskiptin."

Þeir litu hver á annan og síðan fullir virðingar á bankamanninn. Eftir smá útreikninga ásamt ráðleggingum frá vingjarnlega fjármálamanninum, ákváðu þeir að \$200 á mann væri nóg.

Mennirnir fóru nú hver sína leið fullir eftirvæntingar og þrátt fyrir að langt væri liðið á nóttina eyddu þeir mestum hluta næturinnar vakandi með mynd af gulli fyrir hugskotssjónum. Það var komið undir morgun þegar þeir loks sofnuðu.

Óliver lét tímann ekki fara til spillis. Þreytan vék fyrir hagsmunum framtíðar hans sem bankamanns. Við sólarupprás gróf hann djúpa holu og rúllaði tunnunni ofan í hana. Hann fyllti loks holuna og gróðursetti lítinn runna þar ofan á og tyrfði í kring. Hún var vel falin. Síðan hófst hann handa við að prenta út þúsund \$1 seðla. Þar sem hann horfði á skínandi nýja peningaseðlana spýttast út úr prentvélinni hugsaði nýslegni bankamaðurinn með sér:

"Ja, hérna. Mikið er auðvelt að búa til peninga. Allt verðmæti þeirra kemur frá vörum sem þeir kaupa. **Án framleiðslu eru þessir seðlar verðlausir.** Míni fimm einföldu viðskiptavinir átta sig ekki á því. Þeir halda í alvöru að þessi nýju peningar fái verðmæti sitt frá gulli! Fáfræði þeirra gerir mig að drottara yfir þeim."

Þegar degi fór að halla, komu fimmmeningarnir til Ólivers – á hlaupum.

8. Hver á nýju peningana?

Fimm búnt af nýjum seðlum lágu á borðinu.

"Áður en ég dreifi peningunum, sagði bankamaðurinn, "vil ég fá athygli ykkar."


"Grundvöllur allra peninga er gull. Gullið sem ég geymi hjá mér er mitt gull. Þar af leiðandi eru peningarnir mínir peningar. Ó, ekki vera svona leiðir á svip. Ég ætla að lána ykkur þessa peninga, og þið notið þá eins og ykkur sýnist. Hins vegar þurfið þið greiða vexti. Þar sem peningar eru af skornum skammti hérna á eyjunni finnst mér 8% vextir ekki ósanngjarnir."

"Oh, það er nokkuð sanngjarnt, herra Óliver."

"Eitt að lokum, kæru vinir. Viðskipti eru viðskipti, jafnvel milli vina. Áður en þið fáið peningana þarf hver og einn ykkar að undirrita skjal. Með því skuldbindið þið ykkur til þess að endurgreiða höfuðstól og vexti, að viðlagðri refsingu í formi eignanáms á eigum ykkar af minni hálfu. Oh, þetta er bara formsatriði. Ég hef engan áhuga á ykkar eignum. Ég er sáttur við peningana. Ég er sannfærður um að ég fái peningana mína og þið haldið ykkar eignum."

"Þetta hljómar rökrétt, herra Óliver. Við ætlum að leggja enn harðar að okkur við vinnu til að borga þér til baka."

"Þetta er rétti andinn! Ef þið lendið í einhverjum vandræðum, komið þá til mín. Bankamaðurinn er besti vinur ykkar. Hérna eru tvö hundruð dollarar fyrir hvern ykkar." Mennirnir fimm hurfu á braut með fullar hendur fjár hamingjusamir yfir því að eiga loks peninga.



9. Vandamál við útreikning



Það varð svo að peningar Ólivers fóru í umferð á eyjunni. Viðskipti, sem einfölduð höfðu verið með peningum, tvöfölduðust. Allir voru hamingjusamir.

Bankamanninum var ætíð heilsað af óbilandi virðingu og þakklæti.

En hvað nú, af hverju er Tómas, jarðfræðingurinn, svo alvarlegur á svip þar sem hann er upptekinn við að reikna á blað með blýanti? Það er vegna þess að Tómas, líkt og aðrir, hefur undirritað samning um að endurgreiða Óliver, eftir eitt ár, \$200 auk \$16 í vexti. En Tómas á einungis fáeina dollara í vasanum og endurgreiðsludagurinn nálgast.

Í langan tíma hafði hann glímt við þetta vandamál út frá sínu sjónarhorni, án árangurs. Loks leit hann á vandamálið út frá sjónarhorni alls samfélagsins. "Ef við miðum við að allir á eyjunni séu ein heild," velti hann fyrir sér, "erum við færir um að mæta skuldbindingum okkar? Óliver bjó til \$1.000. Hann biður um í staðinn \$1.080. En jafnvel þó við færum honum allan þann pening sem til er á eyjunni, vantar okkur ennþá \$80. Enginn fékk aukalega \$80. Við búum til vörur ekki peningaseðla. Þannig getur Óliver tekið yfir alla

eyjuna, þar sem allir íbúarnir samanlagt geta ekki greitt honum til baka höfuðstólinn, auk vaxta."

Jafnvel þó að fáeinum, án þess að taka tillit til annara, tækist afla sér inn fyrir vöxtunum, myndu hinir falla. Fyrr en síðar kæmi svo röðin að þeim sjálfum. Bankamaðurinn mun eignast allt. Það er rétt að boða til fundar hið fyrsta og ákveða hvað skuli gera í málinu."

Tómas, með útreikninga sína meðferðis, átti ekki í neinu vandræðum með að sanna mál sitt. Þeir voru allir sammála um að þeir hefðu verið plataðir af vingjarnlega bankamanninum. Þeir ákváðu að fara til fundar við Óliver.

10. Góðviljaði bankamaðurinn

Óliver grunaði hvað mönnunum lá á hjarta, en sýndi sínar bestu hliðar. Á meðan hann hlustaði, skýrði hinn ákafi Frank málið fyrir hönd hópsins.

"Hvernig getum við borgað þér \$1.080 þegar það eru einungis \$1.000 á allri eyjunni?"

"Það eru vextir, kærur vinir. Hefur ekki framleiðsla ykkar aukist?"

"Vissulega, en það hafa peningarnir ekki gert og það eru peningar sem þú ert að biðja um en ekki afurðirnar okkar. Þú ert sá eini sem getur framleitt peninga. Þú hefur aðeins framleitt \$1.000, en samt ferðu fram á að fá greitt \$1.080. Það er ómögulegt!"

"Hlustið nú, félagar. Með heildarhagsmunum samfélagsins í huga, þá aðlaga bankamenn sig aðstæðum hverju sinni. Ég ætla einungis að fá vextina greidda. Bara \$80. Þið haldið áfram höfuðstólnum."


"Blessi þig, herra Óliver. Ætlar þú að fella niður \$200 sem við skuldum þér?"

"Ó, nei! Þið fyrirgefið en bankamaður fellir aldrei niður skuld. Þið skuldið mér ennþá alla peningana sem þið fenguð lánaða. Þið greiðið mér, á hverju ári, einungis vextina. Ég þrýsti ekki á ykkur að greiða höfuðstólinn. Kannski munu einhverjir ekki einu sinni geta greitt vextina vegna peninganna sem skipta um hendur ykkar á milli. Nú, skipuleggið þið ykkur eins og þjóð. Komið á fót kerfi peningaframlags, sem við skulum kalla skatta. Þeir ykkar sem eiga meiri pening greiða meira í skatt, en þeir fátækari greiða minna. Sjáið til þess að þið greiðið mér í einni greiðslu alla vaxtaupphæðina og ég mun verða ánægður. Og ykkar litla þjóð mun dafna.

Þar með hurfu vinirnir á braut, dálítið rólegri, en samt tortrygnir.



11. Óliver fagnar.



Óliver er einn. Hann er djúpt hugsí. "Viðskiptin blómstra. Þessir drengir eru duglegir vinnumenn, en heimskir. Fáfræði þeirra og einfaldleiki er minn styrkur. Þeir biðja um peninga og ég gef þeim fjötra. Þeir gefa mér blóm og ég ræni vasa þeirra."

"Vissulega gætu þeir risið upp gegn mér og varpað mér í sjóinn. En ég hef undirskriftir þeirra. Þeir eru heiðarlegir. Þeir standa við skuldbindingar sínar. Heiðarlegt, duglegt fólk var sett á þessa jörð til að þjóna fjármálamönnunum." "Ó mikli Mammon! Ég finn bankasnilld þína streyma um mig allan! Ó, nafntogaði meistari! Hve rétt það var hjá þér þegar þú sagðir: 'Gefið mér stjórn yfir peningum þjóðar, og mér er sama

hver setur lögin.' Ég er drottari Bjargráðaeýjar því ég stjórna peningum hennar."

"Sál mín er drukkin af ákafa og metnaði. Mér finnst ég geta stjórnað alheiminum. Það sem ég, Óliver, hef gert hérna gæti ég gert um allan heiminn. Ó, ef ég gæti bara farið frá þessari eyju! Ég veit hvernig ég get stjórnað heiminum án þess að bera kórónuna."

"Mín æðsta gleði væri innræta heimspeki minni í hug allra sem stjórna þjóðfélögum: iðnjöfra, stjórnáálamanna, umbótasinna, kennara og fjölmiðlafólks – allir yrðu þjónar mínir. Almúgin er sáttur við að búa við þrældóm þegar yfirstétt þeirra er útnefnd til þess að veita þeim forsjá."

12. Óbærilegur framfærslukostnaður.

Á meðan versnaði ástandið stöðugt á Bjargráðaeýju. Framleiðslan jókst og vöruskiptin höfðu fallið niður í algjört lágmark. Óliver innheimti vextina sína reglulega. Hinir þurftu að passa að setja alltaf peninga til hliðar fyrir hann. Þannig áttu peningarnir til að stíflast í stað þess að flæða frjálst.

Þeir sem greiddu meira í skatta kvörtuðu yfir þeim sem borguðu minna. Þeir hækkuðu verðið á vörunni sinni til þess að bæta upp tapið. Hinir lánlausu og fátæku sem borguðu ekki skatta kveinkuðu sér yfir stöðugt hærri framfærslukostnaði.

Mórallinn var í lágmarki. Lífshamingjan hvarf. Enginn hafði áhuga á vinnunni sinni. Af hverju ekki? Vörur seldust illa. Þegar sala fór fram þá þurfti að greiða skatta til Ólivers. Þeim skorti hluti. Þetta var raunveruleg kreppa. Þeir ásökuðu hvern annan um skort á mannúð og að bera ábyrgð á háum framfærslukostnaði.

Dag einn sat Harry við aldingarð sinn og velti ástandinu fyrir sér. Hann komst að því að þessi "framför", sem kom í kjölfar peningakerfis flóttamannsins, hafði eyðilagt allt á



þessari eyju. Vissulega höfðu þeir allir sína galla, en kerfi Ólivers virðist hafa verið hannað sérstaklega til að laða fram allt það versta í mannlegu eðli.

Harrý ákvað að skýra þetta út fyrir félögum sínum og sameina þá til aðgerða. Hann byrjaði á Jim sem auðvelt var að sannfæra. "Ég er enginn snillingur", sagði hann "en í langan tíma hefur verið vond lykt af kerfi bankamannsins."

Einn af öðrum komust þeir að sömu niðurstöðu og ákváðu að halda annan fund með Óliver.

13. Hnepptir í þrældóm



Sannkallað fárviðri geisaði í eyrum bankamannsins.

"Peningar eru af skornum skammti hér á eyjunni, félagi, vegna þess að þú tekur þá frá okkur! Við borgum þér og borgum þér, en samt skuldum við þér jafnmikið og í byrjun. Við vinnum myrkranna á milli! Við höfum besta land sem völ er á, en samt erum við verr settir en áður en þú steigst á land. Skuldir! Skuldir! Við erum skuldugir upp fyrir haus."

"Svona, svona, drengir verið sanngjarnir. Fyrirtæki ykkar blómstra og það er mér að þakka.

Gott bankakerfi er besta eign þjóðar. En ef það á að nýtast verðið þið að hafa trú á bankamanninum. Komið fram við mig eins og þið mynduð koma fram við prest. Eru það meiri peningar sem þið viljið? Allt í lagi. Gulltunnan mín dugur fyrir mörg þúsund sedlum í viðbót. Sjáið nú til. Ég ætla að veðsetja síðustu kaup ykkar og lána ykkur aðra þúsund dollara strax."

"Þannig að nú skuldum við \$2.000! Við eigum eftir að þurfa að borga tvöfalt meira í vexti það sem eftir er lífsins!", sagði Harrý

"Uh, já – en ég lána ykkur meira í hvert sinn sem verðmæti eigna ykkar hækkar. Þið þurfið aldrei að borga nema vextina. Við setjum öll ykkar lán í eina kúlu - sem við köllum sameinaða skuld og þið getið bætt við skuldina ár eftir ár."

"Og hækka skatta, ár eftir ár?", spurði Harrý

"Augljóslega. En tekjur ykkar aukast líka ár frá ári.", svaraði Óliver

"Þannig að því meira sem landið þróast vegna vinnu okkar, því meiri verður almenn skuld!"

"Að sjálfsögðu! Alveg eins og í þínu landi - eða hvaða landi sem er í heiminum ef því er að skipta. Siðmenningarstig þjóðar er alltaf mælt í skuld þess við bankakerfið."

14. Úlfurinn gleypir lambið

"Þetta er þá heilbrigt peningakerfi, herra Óliver?"

"Herramenn, allur traustur gjaldmiðill byggir á gulli og hann kemur frá bönkum í forni skulda. Þjóðarskuld er góð. Hún kemur í veg fyrir að fólk verði of ánægt. Hún undirokar stjórnvöld og hrekur þau undir hinn ædsta vísdom sem eru bankamenn holdi klæddir. Sem bankamaður er ég kyndill siðmenningarinnar hér á þessari litlu eyju ykkar. Ég mun stýra stjórnámálum ykkar og lífsgæðum."



"Herra Óliver, við erum einfaldlega ómenntað fólk, en við viljum ekki slíka siðmenningu hingað. Við munum ekki fá lánað neitt meira frá þér. Traustur gjaldmiðill eða ekki, við viljum ekki eiga frekari samskipti við þig."

"Herramenn, ég harma mjög þessa illa ígrunduðu ákvörðun ykkar. Ef þið svíkið mig munið þá að ég hef undirskriftirnar ykkar. Endurgreiðið mér allt strax – höfuðstól og vexti."

"En það er ómögulegt, herra. Jafnvel þó við greiðum þér alla peningia á eyjunni þá getum við ekki gert upp við þig."

"Ég get ekkert gert við því. Fékk ég undirskriftir ykkar eða ekki? Jú? Allt í lagi."

"Í nafni heilagleika samninga, þá tek ég hér með yfir veðsettar eignir ykkar samkvæmt því sem við sömdum um þegar þið voruð svo ákafir í að þiggja aðstoð mína. Ef þið viljið ekki lúta hinu ædsta valdi peninganna, þá munið þið lúta því með valdi. Þið haldið áfram að nýta eyjuna, í mína þágu og samkvæmt mínum skilmálum. Komið ykkur svo út! Þið fáid fyrirskipanir mínar á morgun."

15. Stjórnun fjölmiðla.



Óliver vissi að sá sem stjórnar peningum þjóðar, stjórnar þjóðinni. Hann vissi líka að til að viðhalda þeirri stjórn er nauðsynlegt að halda fólkinu fávísu og afvegaleiða það með ýmsum hætti.

Óliver hafði tekið eftir því að af eyjaskeggjunum fimm voru 2 íhaldssamir og 3 félagshyggjumenn. Þetta hafði komið í ljós í kjölfar samskipta þeirra um kvöldið, sérstaklega eftir að þeir höfðu verið hneptir í þrældóm. Milli þeirra sem voru íhaldssamir og félagshyggjumenn var stöðugur

ágreiningur.

Harry, sem var hlutlausastur þeirra, kom reglulega fram með þá hugmynd að þeir tækju sig saman og settu þrýsting á stjórnvöld. Slíka samstöðu gat Óliver ekki þolað, það myndi tákna endalok valds hans. Enginn einræðisherra, hvorki fjármála né annarskonar, gæti staðið frammi fyrir sameinuðu og upplýstu fólk.

Þar af leiðandi ákvað Óliver að valda sem mestum pólitískum deilum milli þeirra.

Flóttamaðurinn nýtti sér prentvélina sína og gaf út tvö vikuleg fréttablöð, Sólina, fyrir félagshyggjumennina og Stjörnuna fyrir þá íhaldssömu.

Tónninn í Sólinni var almennt þessi: "Ef þú ert ekki lengur eigin herra þá er það allt þessum sviksömu íhaldsmönnum að kenna. Þeir hafa selt sig hagsmunum stórfyrirtækja."

Tónninn í Stjörnunni var almennt þessi: "Ömurleg staða fyrirtækja og þjóðarskuldin er beinlínis pólitísk ábyrgð þessara ömurlegu félagshyggjumanna."

16. Ómetanlegur hvalreki

Dag einn fann Tómas, jarðfræðingurinn, litla strönd við einn enda eyjarinnar, sem leyndist bakvið hátt gras. Þar fann hann yfirgefinn björgunarbat sem í var koffort sem var í góðu ástandi. Hann opnaði koffortið. Meðal þeirra hluta sem í því voru var lítil bók sem vakti athygli Tómasar. Titill bókarinnar var "Fyrstu ár samfélagslegs fjármagns". Forvitinn, settist Tómas niður og byrjaði að lesa bókina. Áhugi hans jókst; andlit hans ljómaði.

"Ja héna, ótrúlegt!" hrópaði hann "Þetta er eitthvað sem við hefðum átt að vita fyrir löngu."

"Peningar fá ekki verðmæti sitt frá gulli, heldur frá þeim vörum sem keyptar eru fyrir peningana."

"Í einföldu máli eiga peningar að þjóna ákveðnu bókhaldshlutverki, inneignir sem flæða milli reikninga í samræmi við kaup og sölu. Heildarsumma peninga miðast við heildarsummu framleiðslu."

"Í hvert sinn sem framleiðsla eykst, verður samsvarandi aukning á peningamagni. Aldrei nokkurn tíma á að borga vexti af nýjum peningum. Framþróun ákvarðast, ekki með aukningu á þjóðarskuldum, heldur greiðslu á samfélagsarði til allra einstaklinga. Verð aðlagast kaupmætti út frá verðstuðli."

Tómas gat ekki lengur hamið sig. Hann stóð upp og hljóp með bókina til vana sinna til að deila nýfenginni vitneskju sinni.



17. Peningar – bókfærsla fyrir byrjendur.



Tómas miðlaði til hinna því sem hann hafði lært við lestur bókarinnar, sem var sannkölluð himnasending.

"Þetta er það sem við getum gert án þess að bíða eftir bankamanni með tunnu af gulli eða undirrita skuldaviðurkenningu.", sagði hann

"Ég opna reikning í nafni hvers og eins ykkar. Í hægri dálkinn færi ég tekjur sem auka við reikninginn og í vinstri dálkinn færirst öll skuldfærsla sem lækkar reikninginn."

"Hver og einn vill \$200 til að byrja með. Gott og vel. Við færum \$200 til tekna hjá hverjum og einum. Allir eiga strax \$200."

"Frank kaupir vörur af Páli fyrir \$10. Ég dreg \$10 frá Frank sem þar með á eftir \$190. Ég bæti \$10 við hjá Páli, sem nú á \$210.

"Jim kaupir frá Páli fyrir \$8. Ég dreg \$8 frá Jim, sem á þá eftir \$192. Páll á nú \$210."

"Páll kaupir timbur frá Frank fyrir \$15. Ég dreg \$15 frá Páli, sem á eftir \$203. Ég bæti \$15 við reikning Franks sem hækkar í \$205."

"Svona vinnum við þetta, frá einum reikningi til annars, á sama hátt og pappírspeningarnir frá bankanum fara úr einum vasa í annan."

"Ef einhvern vantar pening til þess að auka við framleiðslugetu, þá gefum við út nægjanlegt magn nýrra peninga. Þegar hann hefur selt vörur sínar, endurgreiðir hann upphæðina aftur til tekjuskjóðsins."

"Að sama skapi, þá er reikningur hvers og eins tekjufærður með ákveðnu millibili án þess að taka inneign frá öðrum. Með þessum hætti hagnast allir á framförum í þjóðfélaginu. Þetta er yrði arður til samfélagsins. Með þessu fyrirkomulagi verða peningar að þjónustutæki."

18. Örvænting bankamansins


Allir skyldu þetta. Þessir menn urðu fylgismenn Samfélagsauðs. Daginn eftir barst Óliver bréf undirritað af öllum fimm mönnum.

"Ágæti herra! Án nokkurrar nauðsynjar hefur þú steipt okkur í skuldafen og arðrænt okkur. Við þörfnumst þín ekki lengur til þess að reka peningakerfið okkar. Héðan í frá munum við hafa alla þá peninga sem við þörfnumst án þess að þurfa gull, skuldir eða þjófa. Við ætlum að setja strax á laggirnar kerfi Samfélagsauðs hér á eyjunni. Samfélagsarðgreiðsla mun leysa af hólmi þjóðarskuldir."

"Ef þú krefst þess að fá endurgreitt, þá getum við endurgreitt þér alla þá peninga sem þú lést okkur í té. En ekki sent meira. Þú getur ekki lagt kröfu á það sem þú hefur ekki búið til."

Óliver örvænti. Veldi hans var hrunið. Draumar hans úti. Hvað gat hann gert? Mótrök væru tilgangslaus. Fimmmenningarnir voru orðnir talsmenn Samfélagsauðs. Peningar og tekjur duldist þeim ekki lengur frekar en Óliver."

"Oh," sagði Óliver. "Hugmyndafræðin um Samfélagsauð hefur unnið þá á sitt band"! Kenning þeirra mun dreifast mun hraðar en mín. Ætti ég að biðjast afsökunar? Ganga til liðs við þá? Ég, fjármála- og bankamaðurinn? Aldrei! Ég reyni frekar að forðast þá eins mikið og ég get."



19.Svindlið afhjúpað



Til þess að verjast öllum frekari kröfum af hendi Ólivers ákváðu fimmmeningarnir að láta hann undirrita yfirlýsingu þess efnis að hann hefði nú fengið allt það sem hann átti þegar hann kom til eyjunnar.

Allt var talið til: báturinn, árarnar, litla prentvélin og hin fræga gulltunna.

Óliver þurfti nú að upplýsa hvar gulltunnan væri geymd. Mennirnir hífðu hana upp úr holunni, með mun minni virðingu en þegar þeir báru hana úr bátinum. Hugmyndafræðin um Samfélagsauð hafði

kennt þeim að fyrirlíta gull.

Jarðfræðingurinn sem hjálpaði nú til við að lyfta tunnunni fannst hún helst til létt miðað við innihaldið. Hann upplýsti að ef tunnan væri full þá væri eitthvað annað í henni en gull. Óþreyjufullur Frank beið ekki boðanna heldur hjó lokið af tunnunni og opinberaði innihald tunnunnar. Gull? Ekki svo mikið sem eitt korn! Aðeins grjót – verðlaust grjót. Mennirnir voru orðlausir.

"Ekki segja mér að hann hafi platað okkur svona rosalega!"

"Voru við slíkir kjánar að falla í algjöra sæluvímu við það eitt að heyra minnst á gull?"

"Veðsettum við eignir okkar fyrir fáeina pappírs snepla sem byggðust á nokkrum kílóum af grjóti? Þetta er rán, margfaldað með lygum!"

"Að hugsa sér að við urðum fúllir og næstum hötuðum hvern annan út af þessu svindli."

Æfur af reiði reisti Frank öxina, en bankamaðurinn var þegar flúinn inn í frumskóginn.